

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella



Reykjavík 20. apríl 2016  
UST201603-120/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundalóða í landi Haukadals Rangárþingi ytra.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tveggja frístundalóða í landi Haukadals í Rangárþingi ytra.


**Skipulagssvæðið**


Ofangreint skipulagssvæði sem tekur til 2 ha svæðis, liggur nokkuð sunnan við Haukadalsbæinn. Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er fremur flatt, vestan til en austast er það í halla við brekkurætur. Á uppdrætti kemur fram að ofangreindar lóðir eru viðbót við þegar skipulagðar lóðir upp við hrauntungu í landi Haukadals.

Á skipulagssvæðinu er ekki hraun eða aðrar jarðmyndanir og vistkerfi er njóta sérstakrar verndar og á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur